

Laganefnd LH

Yfirlit yfir reglur um staðfestingu Íslandsmeta

Við höfum skoðað svar keppnisnefndar vegna beiðnar um staðfestingu á meti sem sett var í 100m skeiði á gæðingamóti Fáks sem haldið var 27.maí s.l., með hliðsjón af þeim reglum sem gilda um staðfestingu á slíkum metum samkvæmt lögum og reglum LH.

Í 8 kafla laga og reglna LH/2017 (hér eftir „lög LH“) er að finna almennar reglur um íþróttakeppni, en þær reglur eiga hér við þó að um gæðingamót sé að ræða, enda um keppni í skeiðgrein að ræða.

Lög LH

Í lögum LH sem birt eru á heimasíðu LH og voru í gildi þegar umrætt mót fór fram segir í gr. 8.1.:

"leggja skal FIPO reglurnar til grundvallar við skipulagningu alþjóðlegra, innlendra og annarra viðburða sem varða íslenska hestinn".

Ekki er fullkomlega ljóst hvað átt er við með þessu orðalagi, en það má skilja það svo að FIPO reglurnar skuli gilda á öllum mótum héraðs, en þá vaknar óhjákvæmilega sú spurning, hvaða reglur skuli ráða, ef ósamræmi er milli laga LH og FIPO reglna FEIF. Laganefnd telur vandséð að byggt verði á öðrum lögum og reglum en þeim sem birt er á heimasíðu LH sem gildandi lög LH.

Síðan segir í gr. 8.7.18.8

„Til að fá met tíma samþykktan af **FEIF** þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Völlurinn þarf að uppfylla öll skilyrði sem nefnd eru hér í reglunum.
- Vindur í hlaupaátt, við brautina má ekki fara yfir 5 metra á sekúndu á meðan á hlaupi stendur.
- Knapinn verður að hafa farið að öllum kappreiðareglum.
- Mettíminn þarf að staðfestast skriflega af yfirdómara og mótshaldara.
- Lands- og heimsmet fást eingöngu staðfest, hafi tími verið tekinn á viðurkenndan rafrænan búnað.“

Þessar reglur eru ekki í samræmi við núgildandi FIPO reglur en þar segir í grein S3.4.1.8 um staðfestingu á metum í skeiði:

"For a record time to be recognised by FEIF, the following conditions must be met:

- the track must meet the requirements described in the FEIF Rules and Regulations
- the use of start boxes is required in P1 and P3
- the use of electronic time keeping equipment is required
- in P1 and P3 the time keeping starts running when the doors of the start boxes start to open
- in P1 and P3 the finish has to be filmed with video equipment connected to the time keeping system, able to distinguish between riders⁴
- the wind speed in the direction of the race must not exceed a speed of **5.4 m/s** and **should** be measured with a wind gauge meeting the requirements set by the FEIF Sport Committee he rider must have adhered to the racing rules.“

Samkvæmt ofangreindu má vindur samkvæmt FIPO reglum því vera 5,4m sek og ætti (should be) að vera mældur með vindmæli sem uppfyllir kröfur FEIF Sport Committee. Ekki er ljóst af þessu orðalagi hvort um fortakslausa skyldu til að hafa vindmæli er að ræða, en orðalagið er a.m.k. ekki fortakslaust.

Engar íslenskar sérreglur virðast gilda um staðfestingu íslandsmeta í skeiðgreinum, heldur er eins og áður sagði einungis vísað til þess í grein 8.7.18.7 að uppfylla þurfi tiltekin skilyrði til að fá met samþykkt af **FEIF**. Í grein 1.4.2. í lögum LH segir síðan að það sé hlutverk stjórnar LH að staðfesta met.

Álit meirihluta keppnisnefndar

Í álit meiri hluta keppnisnefndar segir orðrétt:

„Samkvæmt okkar reglum er hugsanlega [teiganlegt] hvað þarf, en samkvæmt túlkun og hefð í vinnubrögðum nefndarinnar er farið fram á vindmæli við braut, einnig höfum við talið að tímatakan ætti að vera með aukatölvu til að geta staðfest að allt sé eins og það ætti að vera, s.b. að nú er farið fram á að þulur segi að um óstaðfestan tíma sé að ræða og farið verði yfir tímatökubúnaðinn í lokin til staðfestingar.“

Ekki er að finna í lögum og reglum LH ákvæði um með hvaða hætti sanna skuli að vindur í hlaupaátt hafi ekki farið yfir 5 metra á sekúndu á meðan á methlaupi stendur og lögin og reglurnar setja það ekki sem skilyrði að vindmælir sé staðsettur við braut.

Sú hefð sem vísað er til í álit keppnisnefndar um að vindmælir, sé staðfestur við braut og að tímataka eigi að vera með aukatölvu til að geta staðfest að allt sé eins og það ætti að vera getur vart talist ganga framar ákvæðum í lögum og reglum LH.

Samkvæmt þeim gögnum sem fylgdu bréfi mótshaldara til keppnisnefndar LH um staðfestingu á íslandsmetinu virðast öll skilyrði greinar 8.7.18.7 hafa verið uppfyllt, þegar umrætt met var sett. Þar kemur m.a. fram að (i) völlum uppfylli skilyrði reglnanna, (ii) mótsstjórn staðfesti að knapinn hafi farið að öllum kappreiðareglum LH og (iii) mótsstjórn hafi skrifað undir mótaskýrslu því til staðfestingar og (iv) met tíminn sé staðfestur skriflega í mótaskýrslu sem undirrituð sé af mótsstjóra og yfirdómara. Loks kemur fram að staðfest sé að tímataka hafi farið fram með viðurkenndum rafrænum búnaði.

Sú staðreynd að ekki hafi verið vindmælir til staðar á umræddu móti, getur ein og sér samkvæmt lögum LH ekki ráðið úrslitum um það hvort staðfesta beri metið eða ekki. Aðalatriðið er, hvort stjórn LH telji að sýnt hafi verið frammá það með fullnægjandi hætti að vindur í hlaupaátt hafi ekki farið yfir 5m á sek þegar umrætt íslandsmet var sett. Þar sem ekki er gerð krafa um vindmæli í lögnum, verður ekki annað ráðið en að sýna megi fram á vindstyrk með öðrum hætti.

Í yfirlýsingu frá dómurum mótsins kemur fram sú skoðun þeirra að þeirra tilfinning fyrir vindhraða hafi verið sú að það hafi verið nánast verið logn á þeim tíma sem umræddur skeiðsprettur fór fram og að mý hafi verið gestum og keppendum til ama. Álit dómara mótsins um vindhraða virðist fá stuðning í gögnum frá Veðurstofu Íslands um vindhraða á mæli 1475 á þeim tíma er skeiðspretturinn fór fram og ennfremur stuðning í myndbandsupptöku af fánum sem staðsettir voru á mótssstað.

Það er því stjórnar LH að meta hvort hún telji að þau gögn um vindhraða staðfesti með óumdeildum hætti að vindhraði hafi ekki farið yfir 5m sek í hlaupaátt þegar umrætt íslandsmet var sett.

Það er vissulega bagalegt að reglur um staðfestingu íslandsmeta séu jafn óskýrar og raun ber vitni, þá er einnig ótækt að ósamræmi sé á milli reglna LH og FEIF og ljóst að gera verður bragarbót hér á við næstu endurskoðun laganna. Þar sem ekki verður ráðið að reglum FEIF hvort það sé skilyrði eða æskilegt að vindmælir sé til staðar, sbr. orðalagið “should be” hér að ofan, er spurning hvort rétt sé hjá stjórn LH að leita álits FEIF á þessu álitaefni.

sign/laganefnd LH